

Júní 2022

Afkoma ársins 2021

Líðið starfsár reyndist vera árangursríkt og hagsælt fyrir Brú Lífeyrissjóð en ekki síður viðburðaríkt. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok nam 342,0 ma.kr. en var 287,8 ma.kr. í lok árs 2020 og hækkaði því um 54,1 ma.kr. milli ára. Það gætti enn áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru á hagkerfi heimsins og sveiflur voru bæði á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum. Lágir vextir og bjartsýni um endalok faraldursins höfðu jákvæð áhrif á flesta hlutabréfamarkaði og sjóðurinn naut góðs af því sem og aðrir fjárfestar.



Raunávöxtun

9,0%

Nokkuð yfir meðaltali raunávöxtunar síðastliðinna ára

Önnur besta raunávöxtun frá upphafi

Nafnávöxtun

14,3%

Raunávöxtun

6,5% 5,4%

5 ára meðaltal 10 ára meðaltal

Yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem er 3,5%

Hækkandi lífaldur

Fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti þann 22. desember 2021 tillögur Félags íslenskra trygginga- stærðfræðinga um breytingar á forsendum reiknirunnis um lífslíkur. Breytingarnar snúast um að reikna lífslíkur út frá spám sem byggja á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu fortíðar. Áhrifin eru þau að gert er ráð fyrir meiri lífslíkum sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóða þar sem þeir greiða eftirlaun til æviloka.

Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins var því notuð framangreind aðferðafræði um hækkandi lífslíkur en jafnframt var forsendum um líkur á örorku breytt til hækkunar í A og V deild. Báðar þessar breytingar leiða til aukinna lífeyrisskuldbindinga þannig að tryggingafræðileg staða A og V deildar versnar frá fyrra ári. Í töflunni hér fyrir neðan má einnig sjá niðurstöðu ársins miðað við sömu forsendur og á síðasta ári, en þeir útreikningar gefa mun betri stöðu sem rekja má til góðrar ávöxtunar á árinu 2021.

Hrein eign umfram heildarskuldbindingar

í m.kr.

	A deild		V deild		B deild	
2021	-39.800	-8,0%	-9.176	-7,4%	-10.864	-15,9%
2021 m. v. eldri forsendur	6.637	+1,5%	4.171	+3,7%	-7.579	-11,7%
2020	-15.468	-3,8%	586	+0,6%	-10.248	-16,1%

Við stefnum á sjálfbærni

Sjálfbærni verður sífellt mikilvægari þáttur í rekstri og fjárfestingum Brúar lífeyrissjóðs og nú í ár birtir sjóðurinn í fyrsta skipti sjálfbærnisráðgjöf og sjálfbærni-uppgjör samhliða ársskýrslu. Hafið er vinna með sjálfbærnisráðgjöfum til að styðja sjóðinn enn frekar í uppbyggingu þekkingar á sjálfbærni og innleiðingu hennar í starfsemi allri.

Sporið kolefnisjafnað

Kolefnisspor sjóðsins var í fyrsta sinn reiknað fyrir árið 2021 í umhverfisstjórnunarkerfi Klappa og nemur 14,2 tonnum koltvísýringisgilda. Brú lífeyrissjóður hefur kolefnisjafnað rekstur sinn fyrir árið 2021 með mótvægisáðgerðum á vegum Kolviðar.

Ábyrgar fjárfestingar

Brú lífeyrissjóður er einn af þrettán íslenskum lífeyris-

sjóðum sem hafa undirritað viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Investment Coalition um auknar sjálfbærar fjárfestingar. Sjóðurinn styður þannig eindregið við markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Gerður hefur verið samstarfssamningur við Klappir um innleiðingu og þróun á hugbúnaði er varðar sjálfbæra virðiskeðju sem mun auðvelda sjóðnum að fylgjast með frammistöðu eignasafnsins með tilliti til UFS-þátta.

Við veljum jafnrétti

Á árinu hlaut sjóðurinn jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85 staðlinum. Vottunin nær til alls starfsfólks sjóðsins. Vottunin leiddi í ljós að það er enginn óútskýrður kynbundinn launamismunur hjá sjóðnum.

Skýrslan er á vefnum

Árs- og sjálfbærnisráðgjöf sjóðsins er í fyrsta sinn gefin út í vefútgáfu í ár. Lesendum gefst því tækifæri á að skoða tölulegar upplýsingar Brúar með gagnvirkum hætti fyrir sjóðinn í heild sinni og fyrir hverja deild. Markmið okkar með vefútgáfu skýrslunnar er að upplýsingarnar séu settar fram á einfaldan, skýran og upplýsandi hátt.

Hér má finna skýrsluna



Ársfundur 2022

Ársfundur Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga verður haldinn mánudaginn 20. júní kl. 13 í húskynnum sjóðsins að Sigtúni 42 í Reykjavík.

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Upplýst þjónusta

Sjóðurinn hefur tekið upp nýja þjónustu sem gerir það enn þægilegra að bóka tíma í samtali vegna lána- eða lífeyrismála. Á heimasíðu sjóðsins er nú hægt að bóka samtali í síma og TEAMS eða á starfstöð sjóðsins en þessi þjónusta auðveldar sjóðfélögum aðgengi að þjónustu sjóðsins og stuðlar að betra skipulagi hjá starfsfólki.

Andlát

Benedikt Þór Valsson

Benedikt Þór lést fimmtudaginn 28. apríl sl. en hann hefur setið í stjórn sjóðsins frá 2014. Hann var stjórnarformaður sjóðsins á árunum 2019 til 2021 og varaformaður frá 2021. Benedikt var með M.Sc. gráðu í þjóðhagfræði frá Göteborgs Universitet í Svíþjóð og starfaði sem hagfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Benedikt var afar vel liðinn meðal stjórnar- og starfsfólks sjóðsins enda með ljúfa lund og vel að sér í málefnum sjóðsins. Reynsla, þekking, stuðningur og fagmennska einkenndi hans störf sem var ómetanlegt í flóknum rekstri sjóðsins. Við vottum fjölskyldu hans okkar innlegustu samúð.

